



Fundargerð

457. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, aukafundur.
Föstudaginn 2. október 2020, kl. 08.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir (ÁHH), Ingimar Ingimarsson (II), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir (EDJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir (JÖE) og Karl Kristjánsson (KK). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er ein blaðsíða.

Oddviti bauð fólk velkomið, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið.

Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu

1. 2007001 - Hólatröð 5, 7 og 9. Sala íbúða til Reykhóla hses.

Lagðir eru fram kaupsamningar vegna Hólatraðar 5, 7 og 9.
Sveitarstjórn samþykkir sölu á ofangreindum húseignum til Reykhóla hses. kt. 500320-0870. Söluverð er byggingarkostnaður húseignanna.

Hólatröð 5	fast.nr. 233-6834	söluverð 31.821.983,-
Hólatröð 7	fast.nr. 223-6836	söluverð 39.632.078,-
Hólatröð 9	fast.nr. 250-7953	söluverð 31.821.983,-

Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra fullt og óskorðað umboð til þess að undirrita þrjá kaupsamninga sem vegna ofangreindra eigna. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin

1. Innkaupakort fyrir Reykhólaskóla.

Sveitarstjórn samþykkir að veita Önnu Björgu Ingadóttur kt. 290765-4989 leyfi til að sækja um innkaupakort fyrir Reykhólaskóla, í tengslum við kaup á hugbúnaði fyrir skólann.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 08.15
